



*Sjálfsmatsskýrsla*  
2022 - 2023



## Sjálfsmatsskýrsla GSnb 2022-2023

Niðurstöður úr innra mati skólans.

Unnið af: Hilmari Má Arasyni, Hugrúnu Elísdóttur, Katrínu Elísdóttur, Margréti Gróu Helgadóttur, Kristjönu Árnadóttur, Rósu Erlendsdóttur og Vilborgu Lilju Stefánsdóttur.

Mynd á forsíðu: Svanborg Tryggvadóttir



## Innihald

Megin niðurstöður .....	3
Inngangur .....	4
Um GSnb.....	5
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats .....	6
Sjálfsmat 2022-2023.....	8
Viðmið um gæði í skólastarfi .....	8
Stjórnun og fagleg forysta .....	8
Nám og kennsla .....	9
Niðurstöður Olweusarkönnunar .....	11
Niðurstöður lesfimiprófa .....	13
Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.....	16
Milli mála II - Mat á íslensku sem öðru máli.....	19
Umbótaáætlun 2022 – 2023 .....	22
Lokaorð .....	23
Heimildir .....	25
Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi .....	26
Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat.....	27



## Megin niðurstöður

Menntamálastofnun gaf út uppfærðan og endurskoðaðan bækling sinn *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfu 2018*. Þetta er fjórða árið í röð sem við styðjumst við þetta matslíkan en í ár byggjum við á nýja líkaninu sem er töluvert breytt frá því fyrra, jafnframt var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Á þessu skólaári máttum við tvo yfirþætti úr *Viðmið um gæði í skólastarfi* sem höfðu sex undirþætti. Einn þáttur kom mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þátta sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir fimm þættirnir voru á bilinu frá 3,1 til 3,6 og hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Viðfangsefni	22-23
<b>1. Stjórnun og fagleg forysta</b>	
1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	3,6
1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting	3,1
<b>2. Nám og kennsla</b>	
2.2. Árangur náms	4,2
2.3. Gæði kennslu	3,4
2.5. Námsvitund	3,4
2.6. Ábyrgð og þátttaka	3,5

Niðurstöður Olweusarkönnunar sýna að meirihluta nemenda líkar mjög vel eða vel í skólanum, eða 66,6%, en nemendur sem líður illa eða mjög illa í skólanum eru 6,7%. Um 26,7% nemenda líkar hvorki vel né illa í skólanum. Alls hafa 18% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls 18 nemendur. Það er aukning frá því í fyrra sem þarf að bregðast við með markvissum hætti.

Niðurstöðurnar úr lesfimiþrófunum sýna að 2., 3., 4. og 10. bekkur nær settu markmiði, að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori. Allir árgangar, að undanskildum 5., 6. og 8. bekk, eru við eða yfir landsmeðaltali. Halda þarf áfram að leggja áherslu á mikilvægi lesturs og efla lestur nemenda en lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eflt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað til að sækja.

Þegar rýnt er í niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar má segja að skólinn komi vel út heilt yfir. Það vekur athygli hversu ólíkar niðurstöður á milli bekkja geta verið, t.d. hvað varðar að finna tilgang með námi og hvernig nemendum líkar skólinn. Eins og fram kemur í niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar þá þurfum við að huga vel að líðan og samskiptum nemenda og þá sérstaklega á miðstigi, 5.-7. bekk. Með það í huga þá munum við efla gæslu í frímínútum og berum væntingar til nýráðins tólmstundafulltrúa að efla skólabraginn og bekkjarandann í hverjum bekk.



## Inngangur

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst að það sé umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, finna hvað vel er gert og hvað má betur fara, vinna áætlun um úrbætur og hrinda henni í framkvæmd.

Samkvæmt greinum 35 og 36 í *Lögum um grunnskóla* frá 2008, ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum grunnskólalaga er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólalahlds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalahld í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið, sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni, eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatsskýrslan sem nú lítur dagsins ljós er sú fjórða í röðinni sem byggð er á líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf fyrst út árið 2012 og endurskoðaðri og breyttri útgáfu sem kom út 2018. Líkanið sem við styðjumst nú við er kynnt í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfa*. Jafnframt var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu

Við erum leitandi og erum að feta okkar leið, átta okkur á því hvernig við viljum haga matinu. Það ber að taka skýrsluna sem slíka. Ákveðnir hlutir í henni mega betur fara og við erum meðvituð um þá, s.s. samsetning matshópsins og einhæfar matsleiðir. Þá viljum við flétta matið meira inn í daglegt starf og taka fyrir einn til tvo þætti í hverjum mánuði.



## Um GSnb

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004.

Það ár voru Grunnskólinn á Hellissandi og Grunnskólinn í Ólafsvík lagðir niður og stofnaður skóli fyrir þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar norðan Fróðárheiðar (Hellissand, Ólafsvík og Rif). Árið eftir bættist Lýsuhólsskóli við sem starfstöð skólans þegar sá skóli var lagður niður sem sjálfstæð stofnun. Síðan þá hafa allir grunnskólar Snæfellsbæjar starfað undir sama merki.

Í upphafi þessa skólaárs voru 216 nemendur skráðir í skólann í 16 bekkjardeildum og á þrem starfstöðvum. Af þessum 216 nemendum er 101 nemandi skráður á starfstöðina okkar í Ólafsvík, 90 á Hellissandi og 25 nemendur í Lýsudeild skólans, þar af eru fjögur börn í leikskólaseli skólans. Við erum vel mönnum með gott starfsfólk en starfsmenn skólans eru 67, í mun færri stöðugildum, auk skólabílstjóra. Þetta er sami nemendafjöldi og var síðasta skólaár. Við skólann starfar gott og metnaðarfullt starfsfólk en starfsmenn skólans eru 67 í mun færri stöðugildum.



## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Við sjálfsmat skólans er stuðst við líkan sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gáfu út árið 2012 og aðra útgáfu þess, sem kom út árið 2018 endurskoðuð og töluvert breytt. Líkan þetta er kynnt í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, 2. útgáfa*. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkuð í þrjá yfirþætti sem eru svo flokkaðir í 16 undirþætti (sjá fylgiskjal 1). Kosturinn við að fara þessa leið var, að okkar mati, að gott væri að styðjast við sömu þætti og metnir eru í ytra matinu, bæði þar sem þetta er það líkan sem stuðst var við þegar skólinn var metinn síðast (sjá

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=1AC247250AFE22D800257F00003178BC&action=openDocument>) og mun væntanlega innan skamms tíma fara í gegnum slíkt mat aftur. Þannig sjáum við fyrir okkur að við getum stuðst við ytra mats skýrsluna og erum vel undirbúin að vera tekin út þegar röðin kemur að okkur aftur.

Samhliða því að matið byggðist á þessu líkani var rýnt í niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Matshópur skólans þetta skólaár samanstóð af stjórnendum skólans, þ.e. Hilmarí Má Arasyni, skólastjóra, V. Lilju Stefánsdóttur, aðstoðarskólastjóra, Rósu Erlendsdóttur, deildarstjóra, Margréti Gróu Helgadóttur, verkefnastjóra, Katrínu Elísdóttur, verkefnastjóra, Kristjönu Árnadóttur, ritara og Huguínu Elísdóttur, verkefnastjóra.

Þeir þættir sem metnir voru á þessu skólaári eru (sjá nánar fylgiskjal 2):

### 1. Stjórnun og fagleg forysta

- 1.1. Faglegt samstarf og samræða
- 1.2. Samvirkni í stefnumótun

### 2. Nám og kennsla

- 2.1. Inntak og námskrá
- 2.2. Árangur náms
- 2.5. Námsvitund
- 2.6. Ábyrgð og þátttaka



Við styðjumst við kvarða ráðuneytisins en löguðum hann að okkar aðstæðum:

D → 1,0-1,9 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum.  
Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

C → 2,0-2,9 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

B → 3,0-3,9 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

A → 4,0-5,0 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.





## Sjálfsmat 2022-2023

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr innra mati skólans, þeim þáttum sem metnir voru og snúa að viðmiðum um gæði í skólastarfi eða niðurstöðum lesfimiþrófa, mati á íslensku sem öðru máli - Milli mála II og samræmdum prófum.

### Viðmið um gæði í skólastarfi

#### 1. Stjórnun og fagleg forysta

Metnir voru tveir undirþættir í þetta sinn. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Stjórnun og fagleg forysta	
1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	3,6
1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting	3,1

#### 1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Heimasíðan er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar þar sem hún er uppfærð reglulega og nýjustu fréttir af skólastarfinu birtast þar. Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt. Stjórnendur sjá um að um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk og hvetja starfsfólk til að leita sér utanaðkomandi aðstoðar sé þess þörf.

#### Styrkleikar:

- ✓ Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins (fulltrúar nemenda, foreldra, starfsmanna) koma að endurskoðun skólareglna.
- ✓ Stjórnendur sjá um að um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk og hvetja starfsfólk til að leita sér utanaðkomandi aðstoðar sé þess þörf.
- ✓ Starfmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað í starfi.

#### Tækifæri til umbóta:

- ✓ Kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna um viðhorf þeirra til stjórnenda skólans hafa ekki verið lagðar fyrir reglulega.
- ✓ Nemendur í ráðum og nefndum hafa ekki haft nægilegt frumkvæði að koma upplýsingum til annarra nemenda.

#### 1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Verkaskipting stjórnenda er skráð í starfsmannahandbók og í starfsáætlun. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning, tengilið innan starfshópsins.

#### Styrkleikar:



- ✓ Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli daglega.
- ✓ Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar eins og mögulega verður við komið hverju sinni.
- ✓ Réttindi og skyldur starfsfólks eru skráðar í starfsmannahandbók og kynntar á sameiginlegum starfsmannafundi að hausti.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Stjórnendur fylgjast ekki reglulega með störfum starfsfólks og veita þeim ekki faglega endurgjöf á störf sín.
- ✓ Mikilvægt er að verkaskipting stjórnenda sé öllum ljós þannig að starfsfólk viti hvert hlutverk hvers og eins stjórnenda er. Endurskoða starfslýsingar með tilliti til breytinga í stjórnunarskipulagi skólans.

## 2. Nám og kennsla

Í þessum hluta voru fjórir þættir teknir fyrir.

<b>2. Nám og kennsla</b>	
2.2. Árangur náms	4,2
2.3. Gæði kennslu	3,4
2.5. Námsvitund	3,4
2.6. Ábyrgð og þátttaka	3,5

### 2.2. Árangur náms

Skólinn leggur áherslu á leiðsagnarnám þar sem reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður. Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.

Styrkleikar:

- ✓ Skólinn er Olweusarskóli og sem slíkur viðheldur hann eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda.
- ✓ Sett er fram stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- ✓ Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun um nám nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Hlutfall nemenda sem ná framúrskarandi árangri er lægra en á landsvísu.
- ✓ Efla læsi, metnað til náms og námsaðferðir. Ræða um það sem við erum að fást við.
- ✓ Nemendur hafi kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, í stigvaxandi mæli, og það verði vel sýnilegt á unglingsstigi.



### 2.3. Gæði kennslu

Í kennsluáætlunum sést hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttað. Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.

Styrkleikar:

- ✓ Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
- ✓ Í áætlunum er gerð grein fyrir tengslum markmiða kennslu við aðalnámskrá.
- ✓ Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttað.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Nemendur fáist við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- ✓ Séð verði til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.

### 2.5. Námsvitund

Kennarar mátu þennan þátt

Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum. Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi. Nemendur, og foreldrar ef við á, eru með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.

Styrkleikar:

- ✓ Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- ✓ Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, í stigvaxandi mæli og það er vel sýnilegt á unglíngastigi.
- ✓ Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Nemendur geri sér grein fyrir og nýti sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.
- ✓ Unnið verði að því að þjálfa nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.

### 2.6. Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.

Styrkleikar:

- ✓ Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.
- ✓ Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- ✓ Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.



Tækifæri til umbóta:

- ✓ Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun.


### Niðurstöður Olweusarkönnunar

Grunnskóli Snæfellsbæjar vinnur samkvæmt eineltisáætlun Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun og hefur gert það frá stofnun hans árið 2004. Markmið áætlunarinnar er að skapa skólaumhverfi þar sem einelti fær ekki þrífist. Áætlunin byggir á fáum meginreglum sem sýnt hefur verið fram á, með vísindalegum rannsóknum, að skili árangri í baráttunni gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að skapa andrúmsloft sem einkennist af jákvæðni, hlýju, alúð og afskiptum starfsfólks af óviðunandi hegðun nemenda.

Hin árlega Olweusarkönnun var lögð fyrir á vorönn 2023 fyrir skólaárið 2022-2023 í umsjón verkefnisstjóra Olweusar en hún hefur annars alltaf verið lögð fyrir að hausti. Nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt og var könnunin tekin á rafrænu formi. Svarhlutfall var 89,3%.


### Hvernig líkar nemendum í skólanum?



Niðurstöður sýna að meirihluta nemenda líkar mjög vel eða vel í skólanum eða 66,6% en nemendur sem líður illa eða mjög illa í skólanum eru 6,7%. Um 26,7% nemenda líkar hvorki vel né illa í skólanum. Alls hafa 15% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls 18 nemendur. Það er mikil aukning frá því á síðasta skólaári en þá voru það 8,7% eða níu nemendur.



## Hlutfall nemenda í 5.-10. bekk sem höfðu orðið fyrir einelti 2-3 í mánuði eða oftar.



Niðurstöður sýna að nemendur eru almennt ekki einir að leik í frímínútum eða 98,4% nemenda segja það ekki hafi gerst síðasta mánuðinn að þeir séu skildir útundan.

Margt gengur vel og má þar nefna:

- ✓ Skýra og viðeigandi stefnu um velferð og umhyggju fyrir nemendum sem fylgt er eftir.
- ✓ Fylgst er með líðan nemenda með könnunum og einstaklingsviðtölum.
- ✓ Bekkjargfundir eru haldnir, einstaklingssamtöl, foreldra- og nemendasamtöl, fundur skólastjóra með nemendum. Nemendaráð á fulltrúa í skólaráði.
- ✓ Olweusaráætlun vinnur að góðum samskiptum milli nemenda.

Alltaf eru þó tækifæri til úrbóta og má þar m.a. nefna að:

- ✓ Rýna betur í niðurstöður könnunarinnar en þær komu í lok skólaársins, eftir að nemendur voru farnir í sumarfrí.
- ✓ Við þurfum að efla gæslu í frímínútum en umhverfi frímínútna er oftast nefnt sem sá staður sem eineltið fer fram. Áhugavert er að sjá hvernig fótboltavöllurinn kemur út en þar kemur oft til „árekstra“.
- ✓ Ráðinn var tómstundafulltrúi sem hefur starfað í skólabúðum ÍSÍ. Með ráðningunni er markmiðið að efla félagslíf nemenda og að hægt verði grípa til hópeflis í þeim bekkjum sem þurfa þykir.
- ✓ Fjölgað verður í Olweusarteyminu
- ✓ Hvetja nemendur enn frekar til þess að sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum.
- ✓ Að starfsfólk geri vinnu sína gegn einelti sýnilegri í skólanum og að nemendur hafi meira um það að segja.



## Niðurstöður lesfimiþrófa

Lesferill er staðlað matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis. Prófið veitir upplýsingar um lestrarfærni nemenda og getur gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Lesferill skiptist í eftirfarandi þætti:

Lesskimun fyrir 1. bekk er lögð fyrir í október. Skimunin gefur vísbendingar um styrkleika og veikleika í hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilningi nemenda.

Lesfimi er staðlað raddlestrarpróf fyrir 1.-10. bekk sem prófar hraða og nákvæmnislestur. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang og eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Lesfimiþrófin eru stöðluð og er ein útgáfa af lestexta í hverjum árgangi. Í viðmiðum Menntamálastofnunar er gert ráð fyrir því að ákveðinn fjöldi orða sé lesinn á mínútu í hverjum árgangi, sjá meðfylgjandi töflu.

Viðmiðin miðast við að nemandi hafi náð ákveðinni hæfni í lestri, þ.e. hraða og nákvæmni, að vori í hverjum árgangi. Þá geta prófin einnig metið framfarir innan skólaársins og milli ára.

Niðurstöður lesfimiþrófa eru skráðar í Skólagátt þrisvar yfir skólaárið en þar hafa kennarar aðgang að gagnabanka sem sýnir lestrarferil nemenda og einnig niðurstöður árganga miðað við landið. Þá er einnig hægt að skoða niðurstöður hjá nemendum á myndrænu formi til að átta sig betur á lestrarferli einstakra nemenda og árganga. Foreldrar fá línuritsblað sent heim í hvert sinn sem prófin eru lögð fyrir en þannig geta þeir fylgst vel með lestrarþróun barnsins.



Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Viðmið Menntamálastofnunar fyrir hvern árgang. Gert er ráð fyrir stíganda í lesfimi viðmiðum á milli árganga. Þegar lesfimi viðmiðum er náð þarf að halda áfram að þjálfra lestur til að viðhalda góðri lesfimi.



### Niðurstöður lesfimiþrófa í maí 2023



Hér að ofan má sjá niðurstöður árganga út frá lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar í maí 2023 í Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi og í Ólafsvík. Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori í öllum árgöngum.



Skráning niðurstaðna úr lesfimiþrófum í maí 2023.

Bekkur	Undir viðmiði	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
1.b.	6,3%	93,8%	43,8%	31,3%
2.b.	0,0%	100%	62,5%	25%
3.b.	17,7%	82,4%	52,9%	41,2%
4.b.	7,7%	92,3%	61,5%	15,4%
5.b.	39,3%	60,7%	25,0%	21,4%
6.b.	52,0%	48,0%	12,0%	4,0%
7.b.	20,8%	79,2%	41,7%	4,2%
8.b.	47,6%	52,4%	0,0%	0,0%
9.b.	18,2%	81,8%	27,3%	0,0%
10.b.	27,8%	72,2%	61,1%	33,3%

Niðurstöðurnar sýna að 2., 3., 4. og 10. bekkur nær settu markmiði að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori.

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er unnið markvisst að því að þjálfa lestrarfærni nemenda í öllum árgöngum. Lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eftt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað til að sækja.

Grunnskóli Snæfellsbæjar stendur fyrir sumarlestri í samstarfi við Bókasafn Snæfellsbæjar með það að markmiði að viðhalda þeirri lestrarfærni sem nemendur náðu að vori. Reynslan sýnir okkur að nemendur missa oft yfir sumartímam þá færni sem þeir náðu í lestri að vori og mörgum reynist erfitt að vinna það upp. Í lok skólaársins fer fram kynning á sumarlestri í 1.-7. bekk þannig að allir séu vel upplýstir um verkefnið og hvert markmiðið er með sumarlestri. Við skólaslit er rætt um mikilvægi sumarlesturs og þátttöku foreldra til að styðja við barn sitt. Þá er verkefnið kynnt á heimasíðu skólans, bæði á íslensku og pólsku.





## Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Hún var fyrst lögð fyrir vorið 2023 og er markmið verkefnisins að safna gögnum um upplifun barna og ungmenna á eigin velferð. Niðurstöður verða opnar og aðgengilegar þannig að aðilar sem koma að þjónustu og umönnun barna og ungmenna geta nýtt þær til að styðja við stefnumótun.

Þátttakendur voru 133 nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar sem svöruðu könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Skiptingu þeirra eftir kyni og bekk má sjá í töflunum hér fyrir neðan.

Skipting svarenda eftir bekk

<b>Bekkur</b>	<b>Fjöldi</b>
4. bekkur	16
5. bekkur	24
6. bekkur	24
7. bekkur	17
8. bekkur	19
9. bekkur	14
10. bekkur	19


Skipting svarenda eftir kyni

<b>Kyn</b>	<b>Fjöldi</b>
Karlkyn	72
Kvenkyn	58
Stálp (kynsegin)	1
Annað/vil ekki svara	2

Nemendur sem skilgreina kyn sitt sem kynsegin eða annað eru mjög fámennur svarendahópur og eru svör þeirra því ekki tekin með í tölum sem birtar eru fyrir einstaka skóla eða lítil landsvæði. Þetta er gert til þess að tryggja persónuvernd svarenda.


Hægt er að nálgast niðurstöður rannsóknarinnar á heimasíðu skólans, sjá <https://www.gsnb.is/sjalfsmat>

Hér á eftir munum við birta lykiltölur fyrir hvern bekk (4., 6., 8. og 10. bekk) en vísam í skýrslu á heimasíðu skólans, að öðru leyti.





## Lykiltölur



Þegar rýnt er í niðurstöður þessarar rannsóknar þá má segja að skólinn komi vel út heilt yfir. Það vekur athygli hversu ólíkar niðurstöður á milli bekkja geta verið, t.d. hvað varðar að finna tilgang með námi og hvernig nemendum líkar skólinn. Eins og fram kemur í niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar þá þurfum við að huga vel að líðan og samskiptum nemenda og þá sérstaklega á miðstigi, 5.-7. bekk. Með það í huga þá munum við efla gæslu í frímínútum og berum væntingar til nýráðins tómsfundafulltrúa að efla skólabraginn og bekkjarandann í hverjum bekk.



## Milli mála II - Mat á íslensku sem öðru máli

Orðaforði er einn af undirstöðuþáttum í málþroska ungra barna. Góð orðaforðakunnátta er grundvöllur þess að börn skilji hugtök og að þau geti ráðið í flóknar setningar. Á grunnskólaaldri er hann undirstaða frekari framfara í málfræði og velgengni í skólastarfi.


Skólaárið 20-21 var í fyrsta skipti lagt fyrir prófið Milli mála (höfundur Elín Þöll Þórðardóttir), sem metur hvort börn og unglingar sem hafa annað móðurmál en íslensku, hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með og taka þátt í skólastarfi í sínum bekk. Skólaárið 22-23 var lagt fyrir endurmat á stöðu nemenda í 4., 7. og 9. bekk. Auk þess var prófið lagt fyrir nemendum á yngsta stigi sem ekki höfðu tekið það áður (ekki náðist þó að prófa alla vegna anna). Markmiðið er að ná að leggja fyrir á hverju ári endurmat á stöðu nemenda í þessum þremur bekkjum, auk þeirra nemenda sem koma nýir inn í skólann á hverju skólaári. Niðurstöður úr prófinu er aldurssvarandi.

Í skólanum eru um 69 nemendur sem eiga annað foreldri eða báða af erlendum uppruna. Hluti þessara nemenda stendur jafnfætis nemendum með íslensku sem móðurmál. Því miður er þó stærri hluti þessa hóps sem á í erfiðleikum með íslenskt mál. Milli mála er eingöngu lagt fyrir hjá þeim hópi nemenda sem telst eiga í erfiðleikum með íslenskan orðaforða í námi.

Hlutfall nemenda, sem eiga annað foreldri eða báða af erlendum uppruna, eftir stigum eru:


- ✓ 29% nemenda á yngsta stigi (20 nemendur).
- ✓ 29% nemenda á miðstigi (20 nemendur).
- ✓ 42% nemenda á elsta stigi (20 nemendur).

Í vor var Milli mála lagt fyrir 19 nemendum skólans á yngsta stigi og í 7. og 9. bekk. Lagt var fyrir tíu nemendum á yngsta stigi, fjóra á miðstigi og fimm á elsta stigi. Í töflunni hér að neðan sjáum við stöðu þessara nemenda. Af þeim eru um 63% sem lenda á rauðu svæði, þar sem talið er nokkuð öruggt að nemendur eigi í talsverðum vandræðum með að skilja það sem fram fer í skólastofunni og að lesa námsbækur á íslensku (skv. stöðlun þá standa þeir lakar en 97% nemenda sem hafa íslensku að móðurmáli). 37% nemenda lenda á gulu svæði, þar sem talið er líklegt að nemendum gangi ágætlega í sumu en verr með flóknari atriði (skv. stöðlun þá standa þeir sig lakar en 84% nemenda sem hafa íslensku að móðurmáli). 0% nemenda lendir á grænu svæði (skv. stöðlun þá teljast þeir vera innan sömu marka og nemendur sem hafa íslensku sem móðurmál). Eins og komið hefur fram þá ber að hafa í huga að prófið er ekki lagt fyrir alla nemendum við skólann og því er augljóst að hópur nemenda myndi falla undir græna svæðið, þ.e. nemendur sem hafa náð góðum tókum á íslensku. Ekki er talin ástæða til þess að leggja Milli mála fyrir þá nemendur þar sem þeir koma vel út úr öðrum könnunum/prófum í skólanum.



Það er jákvætt að sjá að nemendum í 4., 7. og 9. bekk hafði farið fram á milli fyrirlagna. Einn nemandi færðist af rauðu svæði yfir á gult. Niðurstöðurnar gefa þó vísbendingu um að hópurinn eigi enn í töluverðum erfiðleikum með íslenskan orðaforða, þ.e. að íslenskukunnátta nemanda sé á því stigi að þeir eigi ekki auðvelt með að skilja námsbækurnar og það sem fram fer í skólastofunni þannig að skólastarf komi þeim sem best að gagni.

Áhugavert er að sjá að nemendur á yngsta stigi koma betur út á Milli mála veturinn 2022-23 en þegar það var lagt fyrir fyrst, veturinn 2020-21.



## Niðurstöður

Áfram þarf að hafa í huga að fjöltyngdir nemendur skólans, þar sem heimamálið er annað en íslenska, eiga í miklum erfiðleikum með orðaforða og skilning á íslensku máli. Enn frekar er mikilvægt að skólinn bregðist markvisst við með aðferðum og leiðum sem efla orðaforða og skilning á íslensku máli. Á síðasta skólaári hófst vinna við mótun málstefnu í samvinnu við leikskólana í Snæfellsbæ. Enn er heilmikil vinna eftir sem mikilvægt er að klárast næsta skólaár ásamt því að taka samtalið við nemendur um mikilvægi íslenskrar tungu sem er skólamálið þeirra. Skólinn hefur haldið áfram að leita eftir fræðslu til Miðju máls og læsis (Þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar). Nemendur hafa fengið áframhaldandi leiðsögn frá ÍSAT kennurum sem hafa bæði unnið með nemendum inni í bekk og í minni hópum fyrir utan bekk. Áherslan gagnvart nemendum hefur verið að styðja þá í því námsefni sem unnið er með í árganginum en einnig að styrkja skólaorðaforða þeirra. Áfram þarf að styrkja kennara í að horfa til eigin kennsluhátta og aðferða sem koma öllum nemendum til góða þar sem við vinnum markvisst að því að efla skólaorðaforðann. Öllum þarf að vera umhugað um að í skólanum tölum við skólamálið en heima heimamálið. Við þurfum, með samtali okkar við nemendur, að gera þá meðvitaða um mikilvægi þess að byggja upp góðan skólaorðaforða til þess að auðvelda frekara nám og þátttöku í samfélaginu/þjóðfélaginu.



## Umbótaáætlun 2022 – 2023

Umbótaáætlun þessa skólaárs byggir á þeim þáttum sem rýnt var í og eru viðmið í skólastarfi, niðurstöður úr prófum, könnunum og greiningum sem unnar voru á skólaárinu.

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Leggja fyrir kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna um viðhorf þeirra til skólastarfsins.	Skólaárið 23-24	Stjórnendur.
1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Stjórnendur fylgist reglulega með störfum kennara og veita þeim endurgjöf.	Skólaárið 23-24	Stjórnendur.
1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Endurskoða starfslýsingar stjórnenda og upplýsa skólasamfélagið um stjórnunarskipulag skólans.	Vor	Stjórnendur og kennarar.
2.2. Árangur náms, niðurstöður lesfimiþróa og Milli mála II	Efla orðaforða nemenda, skólinn tekur þátt í þróunarverkefninu Orð af orði	Skólaárið 2023 – 2024	Stjórnendur og starfsfólk skólans.
2.5. Námsvitund	Gefa nemendum tækifæri til að setja sér markmið í námi.	Hefja vinnu skólaárið 23-24	Stjórnendur og kennarar.
2.6. Ábyrgð og þátttaka	Standa fyrir skólapingi þar sem nemendur fá tækifæri til að koma fram með skoðanir sínar um hvað má betur fara í starfi skólans.	Skólaárið 2023 – 2024	Skólastjórnendur.
Niðurstöður Olweusarkönnunar	Efla frímínútnagæslu á miðstigi og efla skólabraginn með því að ráða tómstundafulltrúa.	Skólaárið 2023 – 2024	Stjórnendur og starfsfólk.
Niðurstöður lesfimiþróa og Milli mála II	Huga vel að þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum og ljúka við gerð málstefnu.	Alltaf	Stjórnendur og kennarar



## Lokaorð

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat var lagt á hversu vel hefur tekist að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt var að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- ✓ Hversu vel stöndum við okkur?
- ✓ Hvernig vitum við það?
- ✓ Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- ✓ Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Við sjálfsmatsvinnuna voru punktarir hér að ofan hafðir að leiðarljósi og er það von okkar að þessi skýrsla verði liður í því að festa í sessi það sem vel er gert og bæta það sem miður fer en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra.

Á þessu skólaári máttum við tvo yfirþætti úr Viðmið um gæði í skólastarfi sem höfðu sex undirþætti. Einn þáttur kom mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þátta sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir fimm þættirnir voru á bilinu frá 3,1 til 3,6 og hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Niðurstöður Olweusarkönnunar sýna að meirihluta nemenda líkar mjög vel eða vel í skólanum, eða 66,6%, en nemendur sem líður illa eða mjög illa í skólanum eru 6,7%. Um 26,7% nemenda líkar hvorki vel né illa í skólanum. Alls hafa 18% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls 18 nemendur. Það er aukning frá því í fyrra sem þarf að bregðast við með markvissum hætti.

Niðurstöðurnar úr lesfimiþrófunum sýna að 2., 3., 4. og 10. bekkur nær settu markmiði, að 50% nemenda nái viðmiði 2 að vori. Allir árgangar, að undanskildum 5., 6. og 8. bekk, eru við eða yfir landsmeðaltali. Halda þarf áfram að leggja áherslu á mikilvægi lesturs og efla lestur nemenda en lögð er áhersla á heimalestur, lestur í skóla, yndislestur, lestur valbóka ásamt fjölbreyttum bekkjarsettum og lestri tengdum námsgreinum. Þá hefur bókasafn skólans eflt starfsemi sína með fjölbreyttum bókakosti, kynningum á völdum höfundum ásamt því að gera bókasafnið að aðlaðandi og eftirsóttum stað til að sækja.

Þegar rýnt er í niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar má segja að skólinn komi vel út heilt yfir. Það vekur athygli hversu ólíkar niðurstöður á milli bekkja geta verið, t.d. hvað varðar að finna tilgang með námi og hvernig nemendum líkar skólinn. Eins og fram kemur í niðurstöðum Olweusarkönnunarinnar þá þurfum við að huga vel að líðan og samskiptum nemenda og þá sérstaklega á miðstigi, 5.-7. bekk. Með það í huga þá munum við efla gæslu í frímínútum og berum væntingar til nýráðins tómsfundafulltrúa að efla skólabraginn og bekkjarandann í hverjum bekk.

Það væri betra að fá niðurstöður Olweusarkönnunarinnar og niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar fyrir svo gefist tími til að vinna markvissara með niðurstöðurnar. Niðurstöður beggja þessara kannana komu í lok skólaársins og vannst lítill tími til að vinna með þær og verða breyttar forsendur næsta haust þegar nýtt skólaár hefst og niðurstöðurnar ekki jafn marktækar. Þessum athugasemdum var komið til hlutaðeigandi aðila, með von um að breyting verði á.





Í heildina séð má segja að starf skólans standi vel, miðað við þau gögn sem aflað var í þessari skýrslu. Margt er jákvætt en sterkar vísbendingar komu fram um þætti í skólastarfinu sem bregðast þarf við, m.a. líðan og samskipti nemenda. Úrbótaáætlunin er til þess gerð að bæta skólastarfið og gera góða skólann enn betri.



## Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (Án ártals). *Innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (2010). *Skólastefna sveitarfélaga – Handbók*. (2010). Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Böðvarsson. (2015). *Ytra mat grunnskóla - Grunnskóli Snæfellsbæjar*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið.

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.



## Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi Gagnaöflun

### 1. Stjórnun og fagleg forysta

- 1.1. Faglegt samstarf og samræða
- 1.2. Samvirkni í stefnumótun
- 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga
- 1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- 1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting
- 1.7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna


### 2. Nám og kennsla

- 2.1. Inntak og námskrá
- 2.2. Árangur náms
- 2.3. Gæði kennslu
- 2.4. Skipulag náms
- 2.5. Námsvitund
- 2.6. Ábyrgð og þátttaka

### 3. Innra mat

- 3.1. Skipulag
- 3.2. Framkvæmd
- 3.3. Umbætur

## Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í grunnskólum



Mynd tekin úr bæklingnum *Viðmið um gæðastarf í grunnskólum*, 2. útgáfa, 2018, bls. 8.



## Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat

		20-21	21-22	22-23	23-24
<b>1. Stjórnun og fagleg forysta</b>					
1.	Faglegt samstarf og samræða	1			
2.	Samvirkni í stefnumótun	1			
3.	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		1		
4.	Umbætur og innleiðing breytinga		1		
5.	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			1	
6.	Starfsmannastjórnun og verkaskipting			1	
7.	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna				1
<b>2. Nám og kennsla</b>					
1.	Inntak og námskrá	1			
2.	Árangur náms	1	1	1	1
3.	Gæði kennslu			1	
4.	Skipulag náms				1
5.	Námsvitund	1		1	
6.	Ábyrgð og þátttaka	1		1	
<b>3. Innra mat</b>					
1.	Skipulag		1		1
2.	Framkvæmd		1		1
3.	Umbætur		1		1